

**145. löggjafarþing 2015–2016.**  
**Þingskjal 435 — 290. mál.**

## Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um útgjöld vegna sérfræði-, ráðgjafar- og kynningarstarfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklu fé hefur verið varið til kaupa á sérfræði-, ráðgjafar- og kynningarstörfum fyrir ráðuneytið frá upphafi árs 2014? Hverjir hafa fengið greiðslur af þessum ástæðum og fyrir hvaða verkefni?*

Ráðuneytið hefur frá ársbyrjun 2014 varið 12.368.662 kr. án vsk. til kaupa á sérfræði-, ráðgjafar- og kynningarstörfum, sbr. meðfylgjandi yfirlit yfir þjónustuaðila og verkefni sem unnin voru.

Þjónustuaðili og verkefni	Kr. án vsk.
<b>Aðalheiður Jóhannsdóttir</b>	<b>90.726</b>
Ráðgjöf vegna breytingar á lögum um náttúruvernd.	90.726
<b>Attentus – Mannauður og ráðgjöf ehf.</b>	<b>4.800.053</b>
Ráðgjöf í mannauðsmálum.	4.800.053
<b>Efla hf.</b>	<b>158.091</b>
Ráðgjafarvinna vegna gæðakerfis.	158.091
<b>Guðný Björnsdóttir</b>	<b>420.400</b>
Lögfræðivinna vegna reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra.	100.400
Lögfræðivinna vegna réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni vegna myglusvepps.	320.000
<b>Íslenskar orkurannsóknir</b>	<b>483.492</b>
Fagleg leiðsögn varðandi vinnslu jarðvarma á Reykjanesi.	55.580
Vinna við jarðfræðipema INSPIRE.	427.912
<b>KPMG ehf.</b>	<b>501.050</b>
Útreikningur á meðalverði losunarheimilda.	501.050
<b>Landslag ehf.</b>	<b>192.500</b>
Vinna í ráðgjafarnefnd um landskipulagsstefnu.	192.500
<b>Landsnot ehf.</b>	<b>23.000</b>
Vinna við landskiptakort.	23.000
<b>Listasafn Íslands</b>	<b>14.850</b>
Vinna vegna listaverka.	14.850
<b>Nýjar víddir ehf.</b>	<b>30.000</b>
Vinna vegna umhverfisviðurkenningar.	30.000
<b>Sigurður Norðdal</b>	<b>1.311.000</b>
Ráðgjafarstörf vegna samþættingu verkefna og stofnana.	1.311.000

<b>Þjónustuaðili og verkefni</b>	<b>Kr. án vsk.</b>
<b>Strategía ehf.</b>	<b>4.310.500</b>
Ráðgjafarvinna vegna athugunar á sameiningu skógræktarstarfs.	2.338.000
Ráðgjafarvinna vegna frumathugunar á samlegð stofnana á sviði rannsókna og vöktunar.	1.972.500
<b>Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.</b>	<b>33.000</b>
Yfirlestur verkefnislýsingar fyrir norrænt verkefni.	33.000
<b>Heildarsumma</b>	<b>12.368.662</b>